

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun,
nr. 160/2011, með síðari breytingum.

Frá atvinnuveganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrund Pétursdóttur frá Byggðastofnun, Hermann Sæmundsson og Ólaf Kr. Hjörleifsson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Aðalstein Óskarsson frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Hlyn Gauta Sigurðsson fyrir hönd Landssamtaka skógareigenda.

Með frumvarpinu er lagt til að gildistími laga um svæðisbundna flutningsjöfnun framlengist og gildi út árið 2025 en gildandi lög féllu að öðrum kosti úr gildi í árslok 2020.

Enn fremur er lagt til að gildissvið laganna verði víkkað út þannig að þau nái einnig yfir framleiðslu garðyrkjubænda sem rækta ávexti, blóm eða grænmeti og fullvinna framleiðslu sína í söluhæfar umbúðir enda falli framleiðsla þeirra undir tiltekinn flokk ÍSAT2008 staðalsins. Þá er lagt til að lágmarkslengd á flutningi styrkhæfrar framleiðslu styttest úr 245 km í 150 km. Jafnframt er í frumvarpinu kveðið skýrlega á um að ef styrkhæfar umsóknir fara fram úr fjárveitingu geti Byggðastofnun lækkað hlutfall styrkja en ef styrkhæfar umsóknir reynast lægri en fjárveiting megi hækka hlutfallið. Þetta er lagt til til þess að tryggja að fjárlög til styrkja séu fullnýtt.

Við umfjöllun um málið var bent á að skógrækt væri vaxandi grein hér á landi sem ákjósanlegt væri að nyti flutningsjöfnunar samkvæmt lögum. Afurðir skógræktar sem slíkar falla ekki undir gildissvið laganna en afurðir sem hafa verið unnar úr þeim geta fallið þar undir. Nefndin bendir á að þegar er með frumvarpinu verið að útvíkka gildissvið laganna og er afmarkað fjármagn til ráðstöfunar ár hvert. Nefndin telur rétt að kanna seinna meir hvort unnt sé að koma frekar til móts við skógrækt og þarf þá jafnframt að athuga regluverk Evrópusambandsins sem setur ákveðnar takmarkanir í þessum efnunum.

Nefndin leggur til orðalagsbreytingu við c-lið 3. gr. frumvarpsins til að skýrt sé að vísað er til kostnaðar Byggðastofnunar. Einnig er lagt til að efnisgreining bætist við fyrirsögn frumvarpsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Í stað orðanna „og stofnunarinnar“ og „Byggðastofnun“ í 1. og 2. másl. c-liðar 3. gr. komi: Byggðastofnun; og: stofnunin.
2. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, nr. 160/2011, með síðari breytingum (gildissvið og framlenging gildistíma).

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Njáll Trausti Friðbertsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en ritar undir álitid í samræmi við heimild í 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er hún samþykkt álitid þessu.

Alþingi, 29. nóvember 2018.

Lilja Rafney Magnúsdóttir,
form.

Halla Signý Kristjánsdóttir,
frsm.

Inga Sæland.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir.

Sigurður Páll Jónsson.

Ásmundur Friðriksson.

Kolbeinn Óttarsson Proppé.

Njáll Trausti Friðbertsson.